

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sameiningu úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta, nr. 150/1995.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Eftirtalin félög skulu eiga aðild að úthlutunarnefnd nr. 4:
Félag bókagerðarmanna,
Félag hárgreiðslu- og hárskerasveina,
Félag starfsfólks í veitingahúsum.
- b. Félag framreiðslumanna, sem var í úthlutunarnefnd nr. 4, færast í úthlutunarnefnd nr. 8.
- c. Eftirtalin félög skulu eiga aðild að úthlutunarnefnd nr. 6:
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir,
Félag garðyrkjumanna,
Félag leiðsögumanna,
Múrarafélag Reykjavíkur,
Málarafélag Reykjavíkur
Félag járníðnaðarmanna,
Bíliðnafélagið,
Félag blikksmiða,
Sveinafélag pípulagningarmanna,
Trésmiðafélag Reykjavíkur.
- d. Eftirtalin félög skulu eiga aðild að nýrri úthlutunarnefnd, nr. 6a:
Blaðamannafélag Íslands,
Stéttarfélag verkfræðinga,
Tæknifræðingafélag Íslands,
Verkstjórasamband Íslands,
Félag tæknimanna hjá Landsvirkjun, sem var í úthlutunarnefnd nr. 5 og
Félag tækniteknara sem var í úthlutunarnefnd nr. 7.
- e. Sérstök úthlutunarnefnd, nr. 24a, verður á Seyðisfirði fyrir Verkamannafélagið Fram og Verkakvennafélagið Brynju og breytist úthlutunarnefnd nr. 24 í samræmi við það.
- f. Sérstök úthlutunarnefnd, nr. 26a, verður fyrir Breiðdalsvík, Djúpavog og Höfn vegna Verkalýðsfélags Breiðdælinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Djúpavogs og Verkalýðs-félagsins Jökuls og breytist úthlutunarnefnd nr. 26 í samræmi við það.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 25. gr. laga um atvinnuleysis-tryggingar, nr. 93/1993, sbr. a-lið 14. gr. laga nr. 127/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.